

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bíldudalshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 376/1974, um hundahald á Bíldudal, skal vera á árinu 1990 kr. 7 500,00 fyrir hvern hund. Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir árið og eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1990. Heimilt er að reikna dráttarvexti af vangoldnum gjöldum eftir eindaga frá og með 1. janúar 1990.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Bíldudalshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda á yfirstandandi ári.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. maí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 219

REGLUGERÐ

29. maí 1990

um jöfnunartoll á innfluttar kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 28 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerð og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. júní 1990 og skal hún gilda til 30. nóvember 1990. Jafnframt eru úr gildi felldar reglugerðir nr. 177/1990 og 184/1990, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 29. maí 1990.

F. h. r.

Magnús Pétursson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.